

Nýherji hf.
Ársreikningur
samstæðunnar
2016

Nýherji hf.
Borgartúni 37
105 Reykjavík

Kt. 530292-2079

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Ársfjórðungayfirlit	38
Stjórnarháttaryfirlýsing	40

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nýherji hf. veitir viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun og sölu á hugbúnaði, tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Nýherja hf. og dótturfélaga, en í samstæðunni eru tíu félög.

Rekstur ársins 2016

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar 383 millj. kr. á árinu 2016. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 14.788 millj. kr. á árinu. Eigið fé samstæðunnar í árslok var 2.329 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar 4. mars 2016 var gengið frá kaupréttaráætlun sem nær til allrar fastra starfsmanna félagsins. Alls gerðu 364 starfsmenn kaupréttarsamning um 38.327.016 hluti á genginu 17,095.

Í lok september skrifaði Applicon AB í Svíþjóð undir samning um sölu og innleiðingu á kjarnabankakerfum fyrir SBAB Bank í Svíþjóð.

Benedikt Jóhannesson sagði sig úr stjórn félagsins þann 9. desember 2016 og tók Guðmundur Jóh. Jónsson, varamaður, við sæti hans í stjórn félagsins. Á stjórnarfundum þann 21. desember tók Ívar Kristjánsson við sem stjórnarformaður.

Í desember 2016 samdi félagið við Arion banka um útvistun á rekstri upplýsingakefa bankans. Nýherji mun taka við rekstri allra miðlægra innviða og kerfa og sinna almennri tækni- og vettvangsþjónustu gagnvart starfsfólki Arion banka.

Vísað er í skýringar 19 til 23 vegna áhættustýringar félagsins.

Hlutfé og samþykktir

Hlutfé í árslok skiptist á 387 hluthafa, en þeir voru 383 í ársbyrjun. Í árslok 2016 áttu tveir hluthafar yfir 10% af hlutfé í félaginu, Vænting hf. átti 15,1% og Lífeyrissjóður verslunarmanna átti 10,2% hlut í félaginu. Tíu stærstu hluthafar félagsins eru:

	Eignarhlutur
Vænting hf.	15,1%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,2%
Birta lífeyrissjóður	7,8%
Kvika banki hf.	7,6%
Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.	6,0%
Landsbankinn hf.	5,3%
Sjóvá - Almennar tryggingar hf.	4,7%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	3,9%
Vátryggingafélag Íslands hf.	2,8%
HEF kapital ehf.	2,6%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2017. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 450 millj. kr., en félagið á eigin hluti að nafnverði 0,2 millj. kr. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er í Kauphöll Íslands. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Á aðalfundi félagsins þann 4. mars var samþykkt að heimila stjórn félagsins að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% nafnverði hlutfjár félagsins, sbr. VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Kaupgengi hluta skal miða við síðasta skráða gengi á Nasdaq OMX Iceland hf. áður en samningur er gerður. Gildistími heimildarinnar er allt að átján mánuðir. Með samþykkt tillögu þessarar féll úr gildi sams konar heimild sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 13. febrúar 2015.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórnarhættir

Stjórn Nýherja hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í júní 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Félagið fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum en þó hefur stjórn ekki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd þar sem stærð og umfang starfsemi félagsins gefur ekki tilefni til þess. Nýherji hf. hlaut í byrjun árs 2015 viðurkenning sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum að mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Viðurkenningin byggir á ítarlegri úttekt Capacent á stjórnarháttum félagsins. Félagið er með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef Kauphallarinnar. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga. Lögin tóku gildi frá og með 1. janúar 2016 og því er um að ræða afturvirka lagasetningu. Í 66. gr. d. er krafa um að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tenglum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Þá skal yfirlitið hafa að geyma stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, ófjárhagslega lykilmælikvarða og fleira. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst eining tengd almannahagsmunum og fellur undir fyrirnefndar kröfur um upplýsingagjöf sem koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Þess má geta að fyrir félög í aðildarríkjum Evrópusambandsins gildir ákvæðið frá og með árinu 2017. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs vísar félagið á heimasíðu þess, www.nyherji.is, en þar er samfélagsstefna félagsins sem tekur á flestum ákvæðum laganna. Á árinu 2017 mun félagið innleiða þetta ákvæði að fullu og munu fyrrgreindar upplýsingar verða birtar í næsta ársreikningi félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Nýherja hf. hafa í dag rætt um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 31. janúar 2017.

Í stjórn félagsins:

Írur Kristjánsdóttir
Einnvörðingur
Lúna Þórunn Jónsdóttir
Lofthelga Björnsdóttir
Kjartanur Jónsson
Forstjóri:
Simon Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Nýherja hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Nýherja hf. („samstæðan“) fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2016 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en við tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild

Viðskiptavild félagsins nemur 1.783 millj. kr. í árslok 2016. Árlega ber að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild. Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild er lykilþáttur í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem viðskiptavildin er stór hluti heildareigna og vegna innbyggðrar óvissu í áætlunum stjórnenda um afkomu og aðrar forsendur stjórnenda sem notaðar eru við núvirðingu áætlaðs framtíðarsjóðstreymis einstakra eininga.

Viðskiptavildin er 26% af heildareignum samstæðunnar og 77% af eigin fé samstæðunnar í árslok.

Viðskiptavildin hefur myndast við kaup á félögum og hefur verið útteilt niður á minnstu aðgreinanlegu fjárskapandi einingum af stjórnendum félagsins.

Í skýringu 10 er fjallað um virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt var á viðskiptavild samstæðunnar í árslok og í skýringu 29 er fjallað um reikningsskilaaðferðir.

Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar lögðum mat á forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á núvirtu framtíðarsjóðstreymi fyrir hverja fjárskapandi einingu. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Farið var yfir reiknillkan félagsins og lagt mat á það.
- Forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára voru yfirfarnar. Í þeirri vinnu fólst að lagt var mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið.
- Lagt var mat á forsendur fyrir áætlunum framtíðarvexti að loknu spátímabilinu.
- Við yfirferð á rekstrar- og sjóðstreymisáætlunum er meðal annars horft til frávik frá áætlunum fyrri ára.
- Farið var yfir ávöxtunarkröfu (WACC) einstakra fjárskapandi eininga sem notuð er við núvirðingu á fjárskapandi einingum. Ávöxtunarkrafan var borin saman við fjármagnskostnað félagsins og aðrar markaðsforsendur.
- Forsendur stjórnenda voru bornar saman við ytri og innri gögn.
- Við yfirforum skýringu í ársreikningi og staðfestum að allar upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilbáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Mat á öðrum óefnislegum eignum (hugbúnaður)

Aðrar óefnislegar eignir, hugbúnaður nam 740 millj. kr. í árslok 2016. Í skýringu 10 kemur fram að eignfærðar voru 420 millj. kr. á árinu vegna þróunar samstæðunnar á hugbúnaði. Þróunarkostnaður hugbúnaðar er eignfærður þegar verkefni uppfyllir öll skilyrði til eignfærslu. Stjórnendur meta nýtingartíma hugbúnaðar að minnsta kosti árlega auk þess sem að bókfært verð hugbúnaðar er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun og þá hvort virðisrýrnun sé til staðar. Eignfærður hugbúnaður er lykilbáttur þar sem óvissa er um nýtingartíma og framtíðarsjóðstreymi eignanna. Ferlið við eignfærslu er flókið og þess vegna til staðar eðlislæg hætta á að kostnaður sem er eignfærður uppfylli ekki skilyrði um eignfærslu.

Hugbúnaður er afskrifaður á 2 til 10 árum. Nánar er fjallað um hugbúnað í skýringum 10 og 29.

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á forsendur stjórnenda um líftíma og framtíðarsjóðstreymi hugbúnaðar og verkferli við eignfærslu á þróunarkostnaði voru yfirfarin. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Við yfirforum virðisrýrnunarpróf hugbúnaðar til að meta hvort til staðar væri vísbending um virðisrýrnun og þá hvort virðisrýrnun væri til staðar. Sömu aðferðum var beitt við yfirferðina og við endurskoðun á virðisrýrnunarprófum viðskiptavildar.
- Farið var yfir mat stjórnenda á nýtingartíma hugbúnaðar með því að horfa til þróunar sambærilegra eigna.
- Farið var yfir verkferli og lagt mat á hvort eignfærslur væru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.
- Eftirlitþættir sem tryggja að eignfærður þróunarkostnaður sé vegna verkefna sem uppfylla skilyrði fyrir eignfærslu voru prófaðir auk þess sem eignfærslur voru staðfestar með úrtaksskoðun. Við skoðuðum líka eftirfylgni stjórnenda með eftirlitþáttum.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur á félaginu við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glöggga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ólafur Már Ólafsson og Jón Arnar Óskarsson, bera ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 31. janúar 2017.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Seldar vörur og þjónusta	5	14.787.526	13.331.844
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu		(11.003.904)	(9.910.503)
Framlegð		3.783.622	3.421.341
Rekstrarkostnaður	6	(3.278.249)	(2.774.314)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		505.373	647.027
Fjármunatekjur		58.016	15.299
Fjármagnsgjöld		(169.375)	(231.749)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(111.359)	(216.450)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		394.014	430.577
Tekjuskattur	17	(21.973)	(84.231)
Hagnaður ársins		372.041	346.346
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:			
Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga		11.442	(18.719)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé alls		11.442	(18.719)
Heildarhagnaður ársins		383.483	327.627
EBITDA		1.021.464	1.007.517
Hagnaður á hlut:			
Hagnaður á hlut	15	0,83	0,84
Þynntur hagnaður á hlut	15	0,82	0,84

Skýringar á blaðsíðum 13 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir:			
Rekstrarfjármunir	9	596.212	564.314
Óefnislegar eignir	10	2.522.457	2.440.432
Tekjuskattseign	17	140.803	159.524
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur		27.338	23.215
Fastafjármunir		<u>3.286.810</u>	<u>3.187.485</u>
Birgðir	11	916.765	883.986
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	12	1.835.300	2.025.986
Handbært fé	13	871.736	809.257
Veltufjármunir		<u>3.623.801</u>	<u>3.719.229</u>
Eignir samtals		<u>6.910.611</u>	<u>6.906.714</u>
Eigið fé:			
Hlutfé		449.869	449.869
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		629.000	629.000
Annað bundið eigið fé		682.812	401.476
Óráðstafað eigið fé		567.327	450.134
Eigið fé	14	<u>2.329.008</u>	<u>1.930.479</u>
Skuldir:			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	16	<u>2.028.423</u>	<u>2.521.461</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	16	121.945	292.160
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18	<u>2.431.235</u>	<u>2.162.614</u>
Skammtímaskuldir		<u>2.553.180</u>	<u>2.454.774</u>
Skuldir samtals		<u>4.581.603</u>	<u>4.976.235</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.910.611</u>	<u>6.906.714</u>

Skýringar á blaðsíðum 13 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2016

	Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innborgaðs hlutafjár	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Árið 2015						
Eigið fé 1.1.2015		409.869	29.000	422.084	101.899	962.852
Heildarhagnaður ársins			(18.719)	346.346	327.627
Selt nýtt hlutfé		40.000	600.000			640.000
Upplausn á endurmati fasteigna			(1.889)	1.889	0
Eigið fé 31.12.2015	14	449.869	629.000	401.476	450.134	1.930.479
Árið 2016						
Eigið fé 1.1.2016		449.869	629.000	401.476	450.134	1.930.479
Heildarhagnaður ársins				11.442	372.041	383.483
Fært á bundið eigið fé	14			269.894	(269.894)	0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga	7				15.046	15.046
Eigið fé 31.12.2016	14	449.869	629.000	682.812	567.327	2.329.008

Skýringar á blaðsíðum 13 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		372.041	346.346
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	516.091	360.490
Hrein fjármagnsgjöld	8	111.359	216.450
Tekjuskattur	17	21.973	84.231
		<u>1.021.464</u>	<u>1.007.517</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun	(50.495)	13.712
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		121.219	(283.110)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun		322.247	410.023
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>392.971</u>	<u>140.625</u>
Innheimtar vaxtatekjur		30.423	11.987
Greidd vaxtagjöld	(178.171)	(193.831)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.266.687</u>	<u>966.298</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	9	(356.265)	(277.031)
Söluverð rekstrarfjármuna	9	9.538	10.417
Fjárfesting í óefnislegum eignum	10	(420.249)	(349.686)
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur, breyting		(4.123)	806
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(771.099)</u>	<u>(615.494)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Innborgað hlutafé	14	0	640.000
Tekin ný langtímalán		677.187	134.192
Afborganir langtímalána	(1.079.466)	(306.558)
Skammtímaskuldir, breyting		0	(81.726)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(402.279)</u>	<u>385.908</u>
Hækkun á handbæru fé		93.309	736.712
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(30.830)	(6.365)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>809.257</u>	<u>78.910</u>
Handbært fé í árslok	13	<u>871.736</u>	<u>809.257</u>

Skýringar á blaðsíðum 13 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Nýherji hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Borgartúni 37, Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun hugbúnaðar, sölu á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðla sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur samstæðunnar er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum er að finna í skýringu 28.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 31. janúar 2017.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 3.

c. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í skýringu 10 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild.

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söliverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati.

3. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir, fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) Rekstrarfjármunir

Gangvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í armslengdarviðskiptum milli viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði tækja og innréttinga byggist á markaðsverði sambærilegra eigna.

(ii) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

(iii) Verðbréfaeign

Gangvirði fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

Skýringar, frh.:

3. Ákvörðun gangvirðis, frh.:

(iv) Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörstegi.

4. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í tvo starfspætti, sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættirnir eru:

- Vörur og tengd þjónusta - vörusala til fyrirtækja og almennings og tengd þjónusta.
- Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf - hugbúnaðarþróun og ráðgjöf og ýmis tengd þjónusta.

2016	Vörur og tengd þjónusta	Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf	Jöfnunarfærslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	9.845.701	4.941.825	0	14.787.526
Tekjur innan samstæðunnar	354.788	272.379	(627.167)	0
Tekjur samtals	10.200.489	5.214.204	(627.167)	14.787.526
Rekstrargjöld starfspáttá	(9.724.792)	(4.668.437)	627.167	(13.766.062)
Afkoma starfspáttá (EBITDA)	475.697	545.767		1.021.464
Afskriftir	(298.539)	(217.552)		(516.091)
Fjármunatekjur				58.016
Fjármagnsgjöld				(169.375)
Tekjuskattur				(21.973)
Hagnaður ársins				372.041
Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga				11.442
Heildarhagnaður ársins				383.483
Eignir starfspáttá	4.918.698	1.991.913		6.910.611
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	310.611	45.654		356.265
2015				
Tekjur frá þriðja aðila	9.079.799	4.252.045	0	13.331.844
Tekjur innan samstæðunnar	252.375	202.184	(454.559)	0
Tekjur samtals	9.332.174	4.454.229	(454.559)	13.331.844
Rekstrargjöld starfspáttá	8.880.287	(3.898.599)	454.559	(12.324.327)
Afkoma starfspáttá (EBITDA)	451.887	555.630		1.007.517
Afskriftir	(233.931)	(126.559)		(360.490)
Fjármunatekjur				15.299
Fjármagnsgjöld				(231.749)
Tekjuskattur				(84.231)
Hagnaður ársins				346.346
Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga				(18.719)
Heildarhagnaður ársins				327.627
Eignir starfspáttá	4.324.419	2.582.295		6.906.714
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	236.859	40.172		277.031

Skýringar, frh.:

4. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Landsvæðisskipting

2016

	Ísland	Önnur lönd	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	11.835.571	2.951.955	14.787.526
Eignir starfsþátta	5.389.150	1.521.461	6.910.611
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	341.148	15.117	356.265

2015

Tekjur frá þriðja aðila	10.969.772	2.362.072	13.331.844
Eignir starfsþátta	5.428.023	1.478.691	6.906.714
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	268.637	8.394	277.031

5. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:

	2016	2015
Seldar vörur	9.294.806	8.561.191
Seld þjónusta	5.492.720	4.770.653
Seldar vörur og þjónusta samtals	14.787.526	13.331.844

6. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	1.668.781	1.471.820
Rekstur fasteigna	403.541	387.540
Sölu- og markaðskostnaður	232.753	178.130
Afskriftir	86.955	92.381
Annar starfsmannakostnaður	167.719	117.615
Ferðakostnaður	104.303	110.669
Aðkeypt ráðgjöf og þjónusta	195.180	160.119
Ýmis annar rekstrarkostnaður	419.017	256.040
Rekstrarkostnaður alls	3.278.249	2.774.314

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld af áframhaldandi starfsemi greinast þannig:

Laun	4.911.569	4.327.126
Lífeyrisiðgjöld	480.781	423.571
Önnur launatengd gjöld	333.458	344.853
Laun og launatengd gjöld samtals	5.725.808	5.095.550
Laun og launatengd gjöld eignfærð sem þróunarkostnaður	(403.056)	(269.913)
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi	5.322.752	4.825.637
Stöðugildi að meðaltali	520	482
Stöðugildi í árslok	525	493

Laun og launatengd gjöld greinast þannig á rekstrarliði:

Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	3.633.971	3.353.817
Rekstrarkostnaður	1.688.781	1.471.820
Laun og launatengd gjöld samtals	5.322.752	4.825.637

Skýringar, frh.:

7. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Í samræmi við samþykkt aðalfundar 4. mars 2016 var gengið frá kaupréttaráætlun sem nær til allrar fastra starfsmanna félagsins. Á árinu 2016 eru 15 millj. kr. gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna kaupréttarsamninga.

Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið er notað gengi hlutabréfa á matsdegi, kaupréttargengi, vænt flókt, gildistími samninga, væntar arðgreiðslur og áhættulausa vexti.

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2016	2015
Vaxtatekjur af bankainnstæðum og kröfum	30.423	11.987
Gengishagnaður	27.593	3.312
Fjármunatekjur samtals	58.016	15.299
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld	(169.375)	(231.749)
Fjármagnsgjöld samtals	(169.375)	(231.749)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(111.359)	(216.450)

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Stofnverð og endurmetið stofnverð			
Heildarverð 1.1.2015	28.348	2.057.884	2.086.232
Viðbót á árinu	0	277.031	277.031
Selt og niðurlagt	0	(18.931)	(18.931)
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(706)	(706)
Heildarverð 31.12.2015	28.348	2.315.278	2.343.626
Viðbót á árinu	0	356.265	356.265
Selt og niðurlagt	0	(14.454)	(14.454)
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(5.911)	(5.911)
Heildarverð 31.12.2016	28.348	2.651.178	2.679.526
Afskriftir og virðisryrningur			
Staða 1.1.2015	5.931	1.543.357	1.549.288
Afskriftir ársins	378	238.481	238.859
Selt og niðurlagt	0	(8.514)	(8.514)
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(321)	(321)
Afskrifað alls 31.12.2015	6.309	1.773.003	1.779.312
Afskriftir ársins	378	309.535	309.913
Selt og niðurlagt	0	(4.916)	(4.916)
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(995)	(995)
Afskrifað alls 31.12.2016	6.687	2.076.627	2.083.314
Bókfært verð			
1.1.2015	22.417	514.527	536.944
31.12.2015	22.039	542.275	564.314
31.12.2016	21.661	574.551	596.212
Afskriftahlutföll	1,3%	15 - 25%	

9. Rekstrarfjármunir, frh.

Leigðar eignir

Félagið hefur gert fjármögnunarleigusamninga um áhöld og tæki. Sumir þessara samninga veita félaginu rétt til að kaupa áhöldin og tækin á hagstæðu verði í lok samningstímans. Skuldbindingar vegna þessara leigueigna eru tryggðar með veði í eignunum sjálfum (sjá skýringu 16). Bókfært verð þessara eigna var 20 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 335 millj. kr.).

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingaverð, fasteignamat og bókfært verð eigna í lok árs nam eftirfarandi fjárhæðum:

	2016	2015
Vátryggingarverð fasteigna	43.463	42.099
Fasteignamat fasteigna og lóða	15.760	15.560
Bókfært verð fasteigna og lóða	21.661	22.039
Vátryggingarverð birgða, áhalda, tækja og innréttinga	2.551.929	2.169.433

Veðskuldir

Á rekstrarfjármunum samstæðunnar hvíla engin þinglýst veð til tryggingar skuldum (2015: Engin þinglýst veð).

10. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, afskriftir og virðisrýrnun greinist þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Óefnislegar eignir alls
Kostnaðarverð			
Heildarverð 1.1.2015	2.080.776	507.664	2.588.440
Viðbót á árinu	0	349.686	349.686
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	(11.240)	(3.105)	(14.345)
Heildarverð 31.12.2015	2.069.536	854.245	2.923.781
Endurflokkað	(80.970)	80.970	0
Viðbót á árinu	0	420.249	420.249
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	(68.230)	(70.013)	(138.243)
Heildarverð 31.12.2016	1.920.336	1.285.451	3.205.787
Afskriftir og virðisrýrnun			
Afskrifað alls 1.1.2015	137.481	224.519	362.000
Afskriftir	0	121.631	121.631
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(282)	(282)
Afskrifað alls 31.12.2015	137.481	345.868	483.349
Afskriftir	0	206.178	206.178
Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	0	(6.197)	(6.197)
Afskrifað alls 31.12.2016	137.481	545.849	683.330
Bókfært verð			
1.1.2015	1.943.295	283.145	2.226.440
31.12.2015	1.932.055	508.377	2.440.432
31.12.2016	1.782.855	739.602	2.522.457
Afskriftahlutföll		10 - 25%	

Skýringar, frh.:

10. Óefnislegar eignir, frh.:

Hluti af starfsemi Nýherja hf. er að þróa hugbúnað og selja. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla voru á árinu eignfærðar 420 millj. kr. vegna þróunar samstæðunnar á Tempo hugbúnaði. Við mat á fjárhæðum er miðað við kostnað sem til fellur frá þeim degi sem verkefni uppfyllir öll skilyrði til eignfærslu. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Óefnislegar eignir sem þróaðar innan samstæðunnar eru færðar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum eins og um keypta eign væri að ræða. Bókfært verð óefnislegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:	2016	2015
Afskriftir rekstrarfjármuna, skýring 9	309.913	238.859
Afskriftir óefnislegra eigna	206.178	121.631
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	<u>516.091</u>	<u>360.490</u>

Afskriftir greinast þannig á rekstrarliði:

Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	429.136	268.109
Rekstrarkostnaður	<u>86.955</u>	<u>92.381</u>
Afskriftir samtals	<u>516.091</u>	<u>360.490</u>

Virðisrýrnunarpróf

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Viðskiptavild sem myndast hefur við kaup hefur verið útdelt niður á viðeigandi dótturfélög sem skilgreind eru sem minnstu aðgreinanlegu fjárskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar.

Bókfært verð viðskiptavildar greinist þannig niður á flokk fjárskapandi einingar:

	2016	2015
Vörur og tengd þjónusta	962.213	962.213
Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf	<u>820.642</u>	<u>969.842</u>
Viðskiptavild samtals	<u>1.782.855</u>	<u>1.932.055</u>

Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir fjárskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði. Við mat á nýtingarvirði er stuðst við vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Fjárstreymi var áætlað í samræmi við fjárhæðir og rekstraráætlanir næstu fimm ára, eftir spátímabilið er gert ráð fyrir föstum framtíðarnafnvexti við útreikning á hrakvirði. Megin forsendur eru tekjuvöxtur, rekstrarhagnaðarhlutfall (EBITDA-hlutfall), framtíðarfjárfesting og vöxtur eftir fimm ára spátímabil. Við núvirðingu er stuðst við væntan veginn fjármagnskostnað (WACC).

Áætlanir eru yfirfarnar og samþykktar af stjórn félagsins. Samkvæmt niðurstöðum prófa í árslok 2016 hefur viðskiptavildin ekki orðið fyrir virðisrýrnun.

Skýringar, frh.:

10. Óefnislegar eignir, frh.:

Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlunum á framtíðarþróun á sviði upplýsingatækni, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum. Stuðst er við reynslu reynslu fyrri ára. Eftirfarandi eru lykilforsendur við mat á nýtingarvirði:

	Vörur og tengd þjónusta	Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf
Forsendur í árslok 2016:		
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	5,0%	3,8% - 5,0%
Nafnvöxtur tekna:		
Vegið meðaltal 2017	10,2%	8,8%
2018 - 2021	5,0 - 5,2%	4,5 - 7,0%
Ávöxtunarkrafa, WACC	11,9%	7,9 - 11,5%
Skuldsetningarhlutfall	35,0%	16,0%
Vextir	8,7%	5,2 - 8,7%
Forsendur í árslok 2015:		
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	5,0%	3,4% - 5,0%
Nafnvöxtur tekna:		
Vegið meðaltal 2016	5,1%	7,8%
2017 - 2020	5,0% - 5,2%	4,5% - 8,0%
Ávöxtunarkrafa, WACC	11,4%	9,2% - 12,2%
Skuldsetningarhlutfall	35,0%	16,0%
Vextir	8,3%	6,5% - 8,3%

Eftirfarandi breytingar á forsendum hefðu ekki leitt til virðisrýrnunar í árslok 2016 og 2015.

- Hækkun á ávöxtunarkröfu um eitt prósentustig.
- Lækkun hagnaðar fyrir vexti, afskriftir og tekjuskatt (EBITDA) um 10%.
- Lækkun á framtíðarvexti um eitt prósentustig.

11. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:	2016	2015
Birgðir á vörulager og í verslunum	883.140	864.102
Varahlutabirgðir	78.657	83.594
Verk í vinnslu	95.797	68.895
Niðurfærsla birgða	(140.829)	(132.605)
Birgðir samtals	916.765	883.986

Verk í vinnslu samanstanda af kostnaði vegna þjónustuverka sem áfallinn er í árslok. Vörunotkun ársins nam að fjárhæð 6.269 millj. kr. (2015: 5.780 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2016	2015
Viðskiptakröfur	1.828.380	2.063.007
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(54.800)	(74.800)
Ýmsar skammtímakröfur	61.720	37.779
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	1.835.300	2.025.986

Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisryrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringu 20 og 22.

Viðskiptakröfur og birgðir að fjárhæð 977 millj. kr. (2015: 1.030 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til félagsins.

13. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Óbundnar bankainnstæður	868.033	805.617
Sjóðir	3.703	3.640
Handbært fé	871.736	809.257

14. Eigið fé

(i) Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 450 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 0,2 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé.

(ii) Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Heimilt er samkvæmt lögum að jafna yfirverðsreikningi innborgaðs hlutafjár á móti uppsöfnuðu tapi.

(iii) Annað bundið eigið fé

Annað bundið eigið fé samanstendur af þýðingarmun vegna dótturfélag og bundnum hlutdeildarreikningi í árslok.

Bundið eigið fé inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dótturfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum á undirritunardegi.

Endurmatsreikningur tengist endurmati fasteigna félagsins og sýnir óafskrifaðan hluta endurmatsins að frádregnum tekjuskatti. Endurmatið er leyst upp og fært á óráðstafað eigið fé við sölu fasteigna og á sama tíma og það er gjaldfært í formi afskrifta í rekstrarreikningi.

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Þýðingar- munur í dóttur- félögum	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Endurmats- reikningur	Samtals
Staða 1.1.2015	420.195	0	1.889	422.084
Breyting á árinu	(18.719)	0	(1.889)	(20.608)
Staða 31.12.2015	401.476	0	0	401.476
Breyting á árinu	11.442	269.894	0	281.336
Staða 31.12.2016	412.918	269.894	0	682.812

Skýringar, frh.:

14. Eigið fé, frh.:

(iv) Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óráðstafaður hagnaður og ójafnað tap samstæðunnar frá stofnun móðurfélagsins, að frádregnum arðgreiðslum og millifærslum til og frá öðrum eiginfjárliðum.

(v) Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins hefur þá stefnu að um þriðjungur hagnaðar hvers árs sé að jafnaði greiddur sem arður til hluthafa. Til langs tíma er markmið stjórnar að eiginfjárlutfall samstæðunnar sé ekki undir 40,0%. Eiginfjárlutfall félagsins var 33,7% í árslok 2016 samanborið við 28,0% í árslok 2015. Við stýringu á eigin fé er litið til bókfærðs eigin fjár.

Á aðalfundi félagsins þann 4. mars 2016 var samþykkt að heimila stjórn félagsins að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% nafnverði hlutafjár félagsins, sbr. VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupgengi hluta skal miða við síðasta skráða gengi á Nasdaq OMX Iceland hf. áður en samningur er gerður. Gildistími heimildarinnar er allt að átján mánuðir. Með samþykkt tillögu þessarar féll úr gildi sams konar heimild sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 13. febrúar 2015.

Engar breytingar urðu á stefnu um eiginfjárstýringu samstæðunnar á árinu.

Félaginu og dótturfélögum þess ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

(vi) Arður

Enginn arður var greiddur á árunum 2015 og 2016. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur út arður til hluthafa á árinu 2017.

15. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefina hluta vegna kaupréttasamninga.

	2016	2015
Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu	372.041	346.346
Hlutafé í ársbyrjun	449.869	409.869
Áhrif hækkunar hlutafjár	0	1.644
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	449.869	411.513
Áhrif kaupréttasamninga	5.583	0
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu fyrir þynntan hagnað	455.452	411.513
Hagnaður á hlut	0,83	0,84
Þynntur hagnaður á hlut	0,82	0,84

Skýringar, frh.:

16. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um vaxtaáhættu, gengisáhættu og lausafjárahættu er að finna í skýringum 19 til 23.

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	2016	2015
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	2.132.741	2.493.283
Fjármögnunarleiga	17.627	320.338
Vaxtaberandi skuldir alls	2.150.368	2.813.621
Næsta árs afborganir	(121.945)	(292.160)
Vaxtaberandi langtímaskuldir alls	2.028.423	2.521.461

Vaxtaberandi skuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	2016	2016	2016	2015	2015
	Lokagjalddagi	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, óverðtryggð	2030	6,8%	612.534	7,8%	1.319.192
Skuldir í ISK, óverðtryggð	2016 - 2018	-	0	8,5%	287.243
Skuldir í USD	2030	3,6%	1.050.765	4,9%	822.564
Skuldir í EUR	2030	3,5%	156.696	3,8%	199.387
Skuldir í SEK	2030	3,1%	272.094	5,0%	152.139
Skuldir í DKK	2018	4,0%	58.279	5,0%	33.096
Vaxtaberandi skuldir alls			2.150.368		2.813.621

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	2016	2015
Afborganir 2016	-	292.160
Afborganir 2017	121.945	221.965
Afborganir 2018	134.199	138.797
Afborganir 2019	170.288	180.106
Afborganir 2020	170.288	180.106
Afborganir 2021	169.098	180.106
Afborganir síðar	1.384.550	1.620.381
Samtals	2.150.368	2.813.621

Lánasamningar félagsins innihalda m.a skilmála um fjárhagslegan styrk og uppfyllir félagið alla gildandi skilmála í árslok 2016.

Á öðrum ársfjórðungi endurfjármagnaði félagið hluta af vaxtaberandi skuldum félagsins í íslenskum krónum með lánum í erlendum gjaldmiðlum. Eftir endurfjármögnun endurspeglar greiðsluflæði lánanna betur tekjustrauma félagsins eftir gjaldmiðlum og lánakjör eru hagstæðari.

Skuldir félagsins við lánastofnanir eru tryggðar með veðum í viðskiptakröfum, birgðum og eignarhlutum í tilteknum dótturfélögum sbr. skýringar 12.

Skýringar, frh.:

16. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Fjármögnunarleiða

Fjármögnunarleiðugreiðslur greinast þannig:

	2016			2015		
	Lágmarks- leiðugreiðsla	Vextir	Núvirði Lágmarks- leiðugreiðsla	Lágmarks- leiðugreiðsla	Vextir	Núvirði Lágmarks- leiðugreiðsla
Innan árs	11.472	1.496	9.976	148.337	19.315	129.022
Á ári 1 til 5	9.105	1.454	7.651	227.427	36.111	191.316
	20.577	2.950	17.627	375.764	55.426	320.338

17. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2016	2015
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	(21.973)	(84.231)

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2016	2015
Hagnaður fyrir tekjuskatt	394.014	430.577
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% (78.803)	20,0% (86.115)
Áhrif gengismunar á kröfu á dótturfélag	(8,0%) 31.599	0,0% 0
Tekjufærð tekjuskattseign	(4,1%) 16.088	0,0% 0
Óskattskyldar tekjur	(0,9%) 3.570	0,6% 2.607
Áhrif skatthlutfalla á erlendum skattasvæðum	(0,7%) 2.729	(0,2%) (723)
Annað	(0,7%) 2.844	0,0% 0
Virkur tekjuskattur	5,6% (21.973)	(19,6%) (84.231)

Tekjuskattseign greinist þannig:

	2016	2015
Tekjuskattseign 1. janúar	159.524	244.443
Tekjuskattur ársins	(21.973)	(84.231)
Gengismunur og aðrar breytingar	3.252	(688)
Tekjuskattseign 31. desember	140.803	159.524

Tekjuskattseign greinist þannig í árslok:

	Eignir	Skuldir	Nettó
2016			
Rekstrarfjármunir	42.972	(2.589)	40.383
Óefnislegar eignir	40.899	(2.851)	38.048
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	10.280	(652)	9.628
Frestaður skattalegur gengismunur	23.520	0	23.520
Yfirfæranlegt skattalegt tap	29.224	0	29.224
Tekjuskattseign (-skuldbinding)	146.895	(6.092)	140.803
Jöfnun	(6.092)	6.092	0
Tekjuskattseign 31. desember	140.803	0	140.803

Skýringar, frh.:

17. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattseign greinist þannig í árslok:

	Eignir	Skuldir	Nettó
2015			
Rekstrarfjármunir	16.785	(1.544)	15.241
Óefnislegar eignir	80.615	0	80.615
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	14.960	(745)	14.215
Frestaður skattalegur gengismunur	18.244	(1.387)	16.857
Yfirfæranlegt skattalegt tap	32.596	0	32.596
Tekjuskatteign (-skuldbinding)	163.200	(3.676)	159.524
Jöfnun	(3.676)	3.676	0
Tekjuskattseign 31. desember	159.524	0	159.524

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára sem hér segir:

	2016	2015
Skattalegt tap vegna 2009, nýtanlegt til 2019	2.069	2.069
Skattalegt tap vegna 2013, nýtanlegt til 2023	0	108
Skattalegt tap vegna 2014, nýtanlegt til 2024	0	44.810
Skattalegt tap vegna 2015, nýtanlegt til 2025	52.782	52.782
Skattalegt tap vegna 2016, nýtanlegt til 2026	91.264	0
Skattalegt tap sem fyrnist ekki	0	59.769
Yfirfæranlegt skattalegt tap alls	146.115	159.538

Nýherji hf. og tiltekin dótturfélög félagsins á Íslandi eru samsköttuð.

18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	1.299.918	931.990
Aðrar skammtímaskuldir	1.131.317	1.230.624
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	2.431.235	2.162.614

Áhættustýring

19. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- lánsáhætta
- lausafjárahætta
- markaðsáhætta
- rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættu.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

20. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og handbærs fjár.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu. Um 18% (2015: 16%) af tekjum samstæðunnar eru vegna sölu á vörum og þjónustu til fimm stærstu viðskiptamanna hennar.

Samstæðan hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn eru metnir áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru einkum á fyrirtæki og endurseljendur. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir eða hafa nýtt útlánahámörk geta ekki átt frekari viðskipti við samstæðuna nema greiða niður skuldir sínar eða fjárhagssvið samstæðunnar samþykki frekari úttektir.

Vörur eru í sumum tilvikum seldar með eignarréttarfyrirvara, þannig að ef kröfur sem stofnast við sölu innheimtast ekki getur samstæðan endurheimt vöruna. Samstæðan krefst að jafnaði ekki veða vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og almenn niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Almenn niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum ábyrgðir. Í árslok 2015 og 2016 var móðurfélagið ekki í ábyrgðum fyrir dótturfélög sín.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

Skýring	Bókfært verð	
	2016	2015
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur	27.338	23.215
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	13 1.835.300	2.025.986
Handbært fé	14 871.736	809.257
	<u>2.734.374</u>	<u>2.858.458</u>

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

Ísland	1.533.047	1.635.462
Önnur lönd	240.533	352.745
	<u>1.773.580</u>	<u>1.988.207</u>

Í árslok námu viðskiptakröfur á fimm stærstu viðskiptamenn samstæðunnar 489 millj. kr. (2015: 419 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

20. Lánsáhætta, frh.:

Virðisryrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2016	2015	2016	2015
Ógjaldfallið	1.699.937	1.705.153	3.495	3.026
Gjaldfallið innan 30 daga	34.572	182.347	1.729	7.715
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum	61.402	111.711	25.225	4.060
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum	32.469	63.796	24.351	59.999
	<u>1.828.380</u>	<u>2.063.007</u>	<u>54.800</u>	<u>74.800</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

	2016	2015
Staða 1. janúar	74.800	105.306
Breyting á árinu	(20.000)	(30.506)
Staða 31. desember	<u>54.800</u>	<u>74.800</u>

Stjórnendur meta ekki tapsáhættu í öðrum skammtímakröfum.

21. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hætta á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur aðgang að lánalínum hjá tveimur íslenskum og einum erlendum viðskiptabanka. Ónýttar lánsheimildirnar eru allt að 450 millj. kr. í árslok 2016 (2015: 630 millj. kr.).

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

2016

	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:					
Vaxtaberandi skuldir	2.150.368	3.066.415	281.813	522.016	2.262.586
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	<u>2.431.235</u>	<u>2.431.235</u>	<u>2.431.235</u>		
	<u>4.581.603</u>	<u>5.497.650</u>	<u>2.713.048</u>	<u>522.016</u>	<u>2.262.586</u>

2015

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:					
Vaxtaberandi skuldir	2.813.621	3.816.494	401.555	604.098	2.810.841
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	<u>2.162.614</u>	<u>2.162.614</u>	<u>2.162.614</u>		
	<u>4.976.235</u>	<u>5.979.108</u>	<u>2.564.169</u>	<u>604.098</u>	<u>2.810.841</u>

22. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga. Starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru íslenskar (ISK), dollarar (USD) og sænskar krónur (SEK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evrur (EUR), dollarar, danskar og sænskar krónur.

Samstæðan ver sig ekki sérstaklega fyrir gengisáhættu með framvirkum samningum. Stjórnendur félagsins fara reglulega yfir gjaldeyrisáhættu samstæðunnar með það að markmiði að takmarka hana eins og frekast unnt er.

Áhhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðfjárhæðum:

2016	EUR	DKK	SEK	USD
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	117.573	159.603	48.863	2.256
Handbært fé	8.355	257.590	0	2.820
Vaxtaberandi skuldir	(156.696)	(58.279)	(272.094)	(1.050.765)
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir	(236.948)	(293.393)	0	(39.434)
Áhhætta í efnahagsreikningi samstæðunnar	(267.716)	65.521	(223.231)	(1.085.123)
Viðskiptastaða innan samstæðu	0	65.435	254.895	942.169
Gengisáhætta samstæðunnar	(267.716)	130.956	31.664	(142.954)

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna viðskipta innan hennar. Gengisáhhættan myndast þegar félög innan samstæðunnar eiga í viðskiptum sín á milli þar sem starfrækslugjaldmiðill þeirra er ekki sá sami. Starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins er íslensk króna og er samstæðureikningurinn gerður í íslenskum krónum. Móðurfélagið á kröfu á dótturfélög sem hafa annan starfrækslugjaldmiðil en móðurfélagið og býr samstæðan við gengisáhættu vegna þess og eru kröfunar sýndar í töflunni.

Tekjur dótturfélagsins, Tempo ehf., eru í dollurum og þannig er samstæðan varin fyrir gengisáhættu í greiðslufæði.

Auk gengisáhættu sem færð er á meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi þá býr félagið við gengisáhættu vegna fjárfestinga í dótturfélögum þar sem starfrækslugjaldmiðillinn er annar en hjá móðurfélaginu. Gengisáhhættan er færð beint á eigið fé sem þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga. Einkum er um að ræða fjárfestingu í Applicon í Svíþjóð og í Tempo ehf. Þýðingarmunur færður beint á eigið fé var jákvæður um 11 millj. kr. en hann var neikvæður um 19 millj. kr. á árinu 2015.

2015	EUR	DKK	SEK	USD
Viðskiptakröfur	89.284	209.454	51.281	13.864
Handbært fé	5	20.111	0	78
Vaxtaberandi skuldir	(199.387)	(33.096)	(152.139)	(822.564)
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir	(195.139)	(103.282)	(209)	(40.205)
Áhhætta í efnahagsreikningi samstæðunnar	(305.237)	93.187	(101.067)	(848.827)
Viðskiptastaða innan samstæðu	0	13.806	297.178	982.300
Gengisáhætta samstæðunnar	(305.237)	106.993	196.111	133.473

Skýringar, frh.:

22. Markaðsáhætta, frh.:

Gjaldmiðlagengisáhætta, frh.:

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2016	2015	2016	2015
EUR	133,59	146,30	119,13	141,71
DKK	18,00	19,66	16,09	19,03
SEK	14,20	15,71	12,52	15,57
USD	121,28	132,29	113,55	129,80

Næmigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa hækkað (lækkað) afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti og árið 2015.

	2016	2015
EUR	26.772	30.524
DKK	(13.096)	(10.699)
SEK	(3.166)	(19.611)
USD	14.295	(13.347)

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum og ver samstæðan sig því ekki sérstaklega fyrir vaxtaáhættu. Vaxtaáhætta samstæðunnar snýr einvörðungu að sjóðsflæðisáhættu.

Vaxtaberandi fjármálagerningar samstæðunnar í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	2016	2015
Fjáreignir með breytilega vexti	871.736	809.257
Fjárskuldir með breytilega vexti	(2.150.368)	(2.813.621)

Breyting á vöxtum á uppgjörstigi um 100 punkta hefði hækkað (lækkað) afkomu um 13 millj. kr. (2015: 20 millj. kr.) fyrir tekjuskatt. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin er unnin með sama hætti og árið 2015. Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum í félögum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

22. Markaðsáhætta, frh.:

Gangvirði

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á gangvirði og bókfærðu virði fjáreigna og fjárskulda. Ekki eru birtar upplýsingar um gangvirði ef það er jafnt bókfærðu verði.

	2016		2015	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	(2.132.741)	(2.132.741)	(2.493.283)	(2.493.283)
Fjármögnunarleigusamningar	(17.627)	(17.605)	(320.338)	(319.938)
	(2.150.368)	(2.150.346)	(2.813.621)	(2.813.221)

Engar fjáreignir og fjárskuldir voru bókfærðar á gangvirði í árslok 2016 og 2015.

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 3.

Mat á gangvirði

Þar sem við á við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir millibankavextir í árslok að viðbættu 1,6 - 3,8% vaxtaálagi (2015: 1,6 - 3,8%) vaxtaálagi. Gangvirði fjárskulda fellur undir stig 3 í stigveldi gangvirðis.

23. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar, vinnu starfsmanna hennar, tækni og skipulagi, og ytri þáttum öðrum en láns-, markaðs- og lausafjárahættu, svo sem vegna breytinga á lögum og almennra viðhorfa til stjórnunarháttanna fyrirtækja. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Það er stefna samstæðunnar að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír hennar, jafnframt því að starfsreglur takmarki ekki frumkvæði og sköpunargáfu starfsmanna.

Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög, unnið reglulegt mat á áhættu, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á.

24. Rekstrarleiga

Leigugreiðslur sem leigutaki

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:

	2016	2015
Innan árs	286.848	274.452
Á ári 1 til 5	1.147.392	976.459
Eftir 5 ár	860.544	1.051.896
Samtals	2.294.784	2.302.807

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um fasteignir, áhöld og tæki. Skuldbindingar vegna þessara samninga, sem ekki eru færðar í efnahagsreikning, nema allt að 2.295 millj. kr. (2015: 2.018 millj. kr.) á átta árum.

Gjaldfærðar leigugreiðslur á árinu 2016 námu 285 millj. kr. (2015: 271 millj. kr.).

25. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi samstæðunnar, stjórnarmenn og stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila.

Laun og hlunnindi til stjórnar og stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:

Fyrir árið 2016:	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Eignarhlutur
Ívar Kristjánsson, stjórnarformaður	1.900	196	2.235
Hildur Dungal, varaformaður	2.960	243	0
Loftur Bjarni Gíslason, stjórnarmaður	2.710	224	42
Marta Kristín Lárusdóttir, stjórnarmaður	910	37	544
Emilía Þórðardóttir	2.160	221	0
Guðmundur Jóh. Jónsson, varamaður	2.160	221	587
Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður	4.950	495	8.976
Ágúst Sindri Karlsson, fyrrverandi stjórnarmaður	360	29	0
Finnur Oddsson forstjóri	43.202	7.275	1.231
Lykilstjórnendur (9)*	210.968	23.899	2.939

* Um er að ræða fimm lykilstjórnendur hjá Nýherja hf. auk og framkvæmdastjóra hjá Applicon ehf., Applicon AB, Tempo ehf. og TM Software ehf. eða alls níu lykilstjórnendur.

Fyrir árið 2015:

Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður	5.975	598	10.476
Hildur Dungal, varaformaður	1.795	145	0
Ágúst Sindri Karlsson, stjórnarmaður	1.615	162	15.925
Loftur Bjarni Gíslason, stjórnarmaður	1.615	129	42
Marta Kristín Lárusdóttir, stjórnarmaður	1.615	129	544
Guðmundur Jóh. Jónsson, varamaður	1.615	162	587
Finnur Oddsson forstjóri	37.190	6.145	1.231
Ingimar G. Bjarnason, framkvæmdastjóri Applicon ehf.	23.232	3.024	374
Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri TM Software ehf.	25.077	2.702	991
Hákon Sigurhansson, framkvæmdastjóri TM Software ehf.	19.218	1.787	0
Tomas Wikström, framkv.stj. Application Consulting Sweden AB	17.946	2.217	0

Framkvæmdastjórar hjá móðurfélaginu á árinu 2015, alls fjórir aðilar, fengu greiddar 95 millj. kr. í laun og aðrar launatengdar greiðslur á árinu 2015. Þessir stjórnendur áttu 1,5 millj. hluti í félaginu í árslok 2015.

Með eignarhlutum að framan eru taldir eignarhlutir maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnarmenn og stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við tengda aðila eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Verðlagning í slíkum viðskiptum er sambærileg og í öðrum viðskiptum hennar.

Skýringar, frh.:

26. Dótturfélög

Dótturfélög Nýherja hf. voru tíu í árslok og eru eftirtalin:

	Land	Eignarhlutur 2016	2015
Application Consulting Sweden Holding AB	Svíþjóð	100%	100%
Application Consulting Sweden AB	Svíþjóð	100%	100%
Applicon ehf.	Ísland	100%	100%
Nýherji A/S	Danmörk	100%	100%
Roka ehf.	Ísland	100%	100%
Sense ehf.	Ísland	100%	100%
Simdex ehf.	Ísland	100%	100%
Tempo ehf.	Ísland	100%	100%
Tempo Inc.	Kanada	100%	100%
TM Software ehf.	Ísland	100%	100%

27. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar á árinu 2016 nam 23 millj. kr. (2015: 19 millj. kr.) þar af 13 millj. kr. (2015: 11 millj. kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi. Þóknun til KPMG á Íslandi nam 22 millj. kr. (2015: 17 millj. kr.) og 1 millj. kr. (2015: 2 millj. kr.) til KPMG í Svíþjóð.

28. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

Rekstur:

Veltuhraði vörubirgða í árslok - vörunotkun/vörubirgðir í árslok	6,8	6,1
Söladagar í viðskiptakröfum - viðskiptakröfur í lok tímabils/seldar vörur og þjónusta	26	34
Laun og launatengd gjöld/seldar vörur og þjónusta	36,0%	36,2%
Rekstrarkostnaður/seldar vörur og þjónusta	22,2%	20,8%
Hagnaður eftir tekjuskatt/seldar vörur og þjónusta	2,5%	2,6%

Efnahagur:

	31.12.2016	31.12.2015
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,42	1,52
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	33,7%	28,0%

29. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni.

Til að auka upplýsingargildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélag

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að laga þær aðferðum samstæðunnar.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðuársreiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélag

Eignir og skuldir erlendar starfsemi, ásamt viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendar starfsemi eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu, að frádreginni hlutdeild minnihluta í gengismuninum. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, samningum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

Skýringar, frh.:

29. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar, frh.:

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður, frh.:

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Í skýringu 29 (m) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupun.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar. Þegar endurmetnar eignir eru seldar er endurmatið flutt á óráðstafað eigið fé.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð eða endurmetið kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á þeim tíma sem er styttri, leigutími eða nýtingartíma, nema að ljóst sé að samstæðan muni eignast leigumun í lok leigutíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	75 ár
Áhöld, tæki og innréttingar	4- 7 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast til við kaup á dótturfélögum.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

(ii) Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

Skýringar, frh.:

29. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Óefnislegar eignir, frh.:

(iii) Hugbúnaður

Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum línulegum afskriftum og virðisrýrnun. Hugbúnaður er afskrifaður á 2 til 10 árum.

Afskriftaaðferðir og nýtingartími eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

f. Leigusamningar

Leigusamningar, sem eru efnislega þannig að nánast öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á leigueignum færirst til samstæðunnar, eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu eru leigueignirnar færðar á hvoru sem lægra reynist af gangvirði eða núvirði lámarksleigugreiðslna. Á síðari uppgjörstögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar eru rekstrarleigusamningar og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

h. Virðisrýrnun

Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvarðað með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun fjárfestinga til gjalddaga er bakfærð í rekstrarreikningi.

Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

29. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Virðisrýrnun, frh.:

Aðrar eignir, frh.:

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Framlög í iðgjaldatengdra lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launatendra gjalda eftir því sem þau falla til.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

(ii) Ábyrgðir

Skuldbinding vegna ábyrgða er færð þegar vara eða þjónusta er seld. Mat á skuldbindingunni er byggð á fyrri reynslu vegna ábyrgða með því að vega saman mögulegar útkomur og líkur þeim tengdar.

k. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

(ii) Rekstrarleigutekjur

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum undir liðnum aðrar tekjur.

l. Leigugreiðslur

(i) Rekstrarleigugjöld

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímabilinu.

(ii) Fjármögnunarleigugjöld

Lágmarksleigugreiðslum vegna fjármögnunarleigusamninga er skipt í fjármagnskostnað og lækkun leiguskuldar. Vaxtagjöldum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Skýringar, frh.:

29. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum, arðstekjum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þessa liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær skattalega. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

29. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

p. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna annarra en viðskiptavildar.

Verðlagning sölu á vöru og þjónustu milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurbætur á stöðlum gilda fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2016 og er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki nýtt heimildirnar við gerð þessa samstæðureiknings. Stjórnendur telja að innleiðing á þessum stöðlum muni ekki hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn að undanskildum áhrifum vegna innleiðingar IFRS 16 sem tekur gildi fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2019. Ekki hefur verið lagt mat á möguleg áhrif af innleiðingu þess staðals en hann mun gilda um reikningsskil félagsins verði hann staðfestur af Evrópusambandinu.

Ársfjórðungayfirlit

Ársfjórðungayfirlit

Ársfjórðungayfirlit samstæðunnar er óendurskoðað. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	Samtals
Árið 2016					
Seldar vörur og þjónusta	3.332.407	3.793.599	3.428.972	4.232.548	14.787.526
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(2.447.266)	(2.862.543)	(2.569.051)	(3.125.044)	(11.003.904)
Framlegð	885.141	931.056	859.921	1.107.504	3.783.622
Rekstrarkostnaður	(817.861)	(799.669)	(746.112)	(914.607)	(3.278.249)
Rekstrarhagnaður	67.280	131.387	113.809	192.897	505.373
Fjármunatekjur	7.943	22.530	17.166	10.377	58.016
Fjármagnsgjöld	(52.605)	(60.573)	(32.703)	(23.494)	(169.375)
Hrein fjármagnsgjöld	(44.662)	(38.043)	(15.537)	(13.117)	(111.359)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	22.618	93.344	98.272	179.780	394.014
Tekjuskattur	(1.044)	(18.143)	(22.275)	19.489	(21.973)
Hagnaður tímabilsins	21.574	75.201	75.997	199.269	372.041
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:					
Þýðingarmunur dótturfélaga	16.423	(2.346)	16.718	(19.353)	11.442
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals	16.423	(2.346)	16.718	(19.353)	11.442
Heildarhagnaður tímabilsins	37.997	72.855	92.715	179.916	383.483
EBITDA	180.216	259.058	246.762	335.428	1.021.464

Ársfjórðungayfirlit, frh.:

Ársfjórðungayfirlit, frh.:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	Samtals
Árið 2015					
Seldar vörur og þjónusta	3.263.173	3.386.147	3.019.282	3.663.242	13.331.844
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(2.455.641)	(2.555.805)	(2.191.699)	(2.707.358)	(9.910.503)
Framlegð	807.532	830.342	827.583	955.884	3.421.341
Rekstrarkostnaður	(660.946)	(685.261)	(678.035)	(750.072)	(2.774.314)
Rekstrarhagnaður	146.586	145.081	149.548	205.812	647.027
Fjármunatekjur	26.580	(20.973)	2.221	7.471	15.299
Fjármagnsgjöld	(59.105)	(58.577)	(73.771)	(40.296)	(231.749)
Hrein fjármagnsgjöld	(32.525)	(79.550)	(71.550)	(32.825)	(216.450)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	114.061	65.531	77.998	172.987	430.577
Tekjuskattur	(22.987)	(13.885)	(20.027)	(27.332)	(84.231)
Hagnaður tímabilsins	91.074	51.646	57.971	145.655	346.346
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:					
Þýðingarmunur dótturfélaga.....	(49.688)	17.721	24.343	(11.095)	(18.719)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé alls	(49.688)	17.721	24.343	(11.095)	(18.719)
Heildarhagnaður tímabilsins	41.386	69.367	82.314	134.560	327.627
EBITDA	225.217	226.873	240.430	314.997	1.007.517

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn

Stjórn Nýherja hf. samanstendur af fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Benedikt Jóhannesson sat í stjórn félagsins frá 4. apríl 1995 til 9. desember 2016 og sem formaður frá árinu 1996. Á stjórnarfundi 21. desember var Ívar Kristjánsson kjörinn formaður, Hildur Dungal varaformaður og Guðmundur Jóh. Jónsson kom inn sem aðalmaður í stjórn. Ívar Kristjánsson og Emillía Þórðardóttir voru kjörin ný í stjórn félagsins á aðalfundi í mars 2016. Hildur Dungal kom í stjórn 2011 og hefur verið varaformaður frá því í mars 2013. Loftur Bjarni Gíslason var kjörinn í stjórn á aðalfundi félagsins í mars 2014. Guðmundur Jóhann Jónsson hefur verið í stjórn og varastjórn frá árinu 1999.

Í stjórn eru þrjú karlar og tvær konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutfélög um kynjahlutföll stjórnar sem tóku gildi 1. september 2013. Allir fimm stjórnarmenn félagsins eru óháðir félaginu. Bakgrunnur stjórnarmanna er margvíslegur og eru stjórnarmenn með fjölbreytta menntun, m.a. úr viðskiptafræði, sjávarútvegsfræði og lögfræði, en einn stjórnarmanna er með embættispróf í lögfræði. Að auki hafa stjórnarmenn víðtæka reynslu úr atvinnulífinu.

Tilnefningar til stjórnarsetu koma að jafnaði frá hluthöfum félagsins. Í samræmi við samþykktir félagsins eru framboð til stjórnar tilkynnt félagsstjórn að lágmarki fimm dögum fyrir hluthafafund. Stjórnarmenn sem þannig hafa gefið kost á sér eru þeir einu sem eru kjörgengir á aðalfundi. Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi og er þá áskilið að fyrirhugaðar breytingar ásamt meginatriðum breytinganna hafi verið tilgreindar í fundarboði. Samþykktum er hægt að breyta með samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Núgildandi samþykktir félagsins voru samþykktar á aðalfundi 4. mars 2016.

Stjórnarhættir

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, um fundargerðir stjórnar, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar en undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Núgildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 26. ágúst 2015 og eru þær aðgengilegar á vef félagsins www.nyherji.is.

Stjórn félagsins m.a. ákveður starfskjör forstjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og eru reglur nefndarinnar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Í endurskoðunarnefnd eiga nú sæti varaformaður stjórnar, meðstjórnandi og utanaðkomandi löggiltur endurskoðandi. Meginhlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og ef við á áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum. Auk þess leggur nefndin fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda félagsins auk þess að meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum hans. Stjórn hefur jafnframt skipað starfskjaranefnd og tækninefnd sem eru stjórn og stjórnendum til ráðgjafar um starfskjarastefnu og mál er tengjast launastefnu og tæknilegu umhverfi Nýherja. Regluvörður, skipaður af stjórn, hefur umsjón með að reglum um innherjaupplýsingar og viðskipti innherja sé fylgt.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs. Við starfsmenn hafa verið gerðir hefðbundnir ráðningarsamningar með viðeigandi uppsagnarfresti.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórnarhættir, frh.:

Til að tryggja að reikningsskil samstæðunnar séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfsemi. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Áhættustýring er yfirfarin reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Rekstraráhættu er mætt með því að hafa eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög. Stjórn hefur sett stefnu um að eiginfjárstaða samstæðunnar sé nægilega sterk til að styðja við stöðuga framþróun starfsemi félagsins.

Á árinu 2016 voru haldnir 16 stjórnarfundir og 7 fundir í endurskoðunarnefnd, auk funda í starfskjaranefnd og tækninefnd. Meirihluti stjórnar og nefnda mætti á alla fundi. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi þegar tilefni er til, auk þess sem þeir mæta á stjórnarfundi vegna ársuppgjörs.

Í byrjun árs 2015 hlaut Nýherji viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ samkvæmt mati Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, að undangenginni ítarlegri úttekt Capacent.

